

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Rússland.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við á.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

- Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1484 frá 27. maí 2024 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Rússlandi, sbr. fylgiskjal 1.
- Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1485 frá 27. maí 2024 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Rússlandi, sbr. fylgiskjal 2.
- Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/2643 frá 8. október 2024 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika, sbr. fylgiskjal 3.
- Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/2642 frá 8. október 2024 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika, sbr. fylgiskjal 4.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktun er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda eru og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins ("EB", „ESB", "Bandalagsins" eða "sameiginlega markaðarins") eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaradgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 3. júlí 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

FYLGISKJAL 1

Fylgiskjal 1.

ÁKVÖRDUN RÁDSINS (SSUÖ) 2024/1484

frá 27. maí 2024

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Rússlandi

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 4. mars 2022 undirritaði Vladimir Pútín, forseti Rússlands, lög sem koma í veg fyrir aðgengi að Facebook og að Twitter, sem nú heitir X, og kveða á um fangelsisvist þeirra sem teljast dreifa röngum upplýsingum um árásarstrið Rússlands gegn Úkraínu. Þau lög hafa leitt til þess að fjölmargir einstaklingar, sem hafa mótmælt árásarstriði Rússlands gegn Úkraínu eða dreift upplýsingum í tengslum við það, hafa verið fangelsaðir.

2) Hinn 17. apríl 2023 lýsti æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) því yfir að Sambandið fordæmdi harðlega dóm stjórnarandstæðingsins og lýðræðissinnaða aðgerðasinnans Vladimir Kara-Murza, sem er einnig yfirlýstur gagnrýnandi Kremlar, í 25 ára fangelsi fyrir pólitískar sakargiftir. Æðsti fulltrúinn lýsti því yfir að „réttarhöldin“ uppfylltu ekki alþjóðleg viðmið um sanngjarnan og opinberan málflutning hjá lögbærum, óhlutdrægum og óháðum dómstóli og að niðurstaða dómstólsins sýndi enn á ný með skýrum hætti fram á pólitíska misnotkun á réttarkerfinu í því skyni að þrýsta á aðgerðasinna, þá sem standa vörð um mannréttindi og allar raddir sem andmæla ólöglegu árásarstriði Rússlands gegn Úkraínu.

3) Hinn 29. október 2023 lýsti æðsti fulltrúinn því yfir að Sambandið vottaði fórnarlömbum pólitískrar bælingar í Rússlandi virðingu sína og kallaði eftir því að allir pólitískir fangar, þ.m.t. Júrí Dmitriev, Vladimir Kara-Murza, Ilya Yashin, Alexei Gorinov og Ivan Safronov, yrðu tafarlaust og skilyrðislaust látnir lausir. Hann lét einnig í ljós áhyggjur vegna tilkynninga um illa meðferð, áreitni og líkamlegar og sálrænar pyntingar af hálfu rússneskra fangelsisyrvalda og vegna aukinnar áreitni í garð lögfræðinga á sviði mannréttinda í Rússlandi.

4) Hinn 30. nóvember 2023 lýsti Hæstiréttur Rússlands það sem hann kallaði „alþjóðlegu LGBT-hreyfinguna“ ólöglega og „öfgasinnaða“ og bannaði starfsemi hennar á rússnesku yfirráðasvæði. Hinn 1. desember 2023 lýsti æðsti fulltrúinn því yfir að Sambandið fordæmdi harðlega þá ákvörðun og að hún miði að því að ofsækja enn frekar LGBTIQ samfélagið í Rússlandi og bæla niður borgaralegt samfélag og þá sem af hugrekki standa vörð um mannréttindi.

5) Hinn 19. febrúar 2024 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem hann lýsti yfir hneykslun á dauða Alexei Navalny, leiðtoga rússnesku stjórnarandstöðunnar, og lýsti því yfir að endanleg ábyrgð á dauða hans lægi hjá Pútín forseta og rússneskum stjórnvöldum. Æðsti fulltrúinn hvatti Rússland til að heimila óháða og gagnsæja alþjóðlega rannsókn á aðstæðum við dauða Alexei Navalny og fullyrti að hann væri enn eitt merki um ört vaxandi og kerfisbundna bælingu í Rússlandi.

6) Hinn 27. febrúar 2024 lýsti æðsti fulltrúinn því yfir að Sambandinu blöskri dómurinn yfir Oleg Orlov, virtum málsvara mannréttinda og meðstjórnanda hinna þekktu mannréttindasamtaka Memorial, sem dæmdur var í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir pólitískar sakargiftir. Æðsti fulltrúinn hvatti rússnesk stjórnvöld til að láta alla pólitíska fanga tafarlaust og skilyrðislaust lausa og hverfa frá harðri löggjöf sinni, sem notuð er til að bæla niður borgaralegt samfélag og sjálfstæðar raddir, og lýsti því yfir að Sambandið stæði einhuga með öllum rússneskum borgurum sem hafa látið í sér heyra og gagnrýnt strið Rússlands og sem hafa verið hnepttir í varðhald, sóttir til saka eða fangelsaðir fyrir það.

7) Í ályktunum sínum frá 22. mars 2024 hvatti leiðtogaráðið m.a. til þess að allir pólitískir fangar í Rússlandi yrðu tafarlaust og skilyrðislaust látnir lausir og að bundinn yrði endi á ofsóknir gegn pólitískum andstæðingum. Enn fremur kallaði það eftir því að vinna héldi áfram í ráðinu við að koma á nýju fyrirkomulagi um refsiaðgerðir í ljósi ástandsins í Rússlandi.

8) Í ljósi afturfara og alvarlegs ástands í Rússlandi ætti að beina þvingunaraðgerðum gegn einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða misbeitingu, bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu og því að grafa undan lýðræði og réttarríkinu í Rússlandi og gegn einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem tengjast þeim. Því telur ráðið að bæta ætti 19 einstaklingum og einum lögaðila á skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

9) Enn fremur þykir rétt að setja útflutningstakmarkanir á hluti sem nota má til bælingar innanlands, sem og hluti sem einkum eru ætlaðir til að vakta eða rjúfa upplýsingaöryggi og fjarskipti.

10) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að framkvæma tilteknar aðgerðir.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari einstaklingar sem:

a) bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða misbeitingu eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði eða réttarríkinu í Rússlandi,

b) veita fjárhagslegan, tæknilegan eða efnislegan stuðning til eða sem koma á annan hátt að athæfi sem sett er fram í a-lið, þ.m.t. með því að skipuleggja, stjórna, fyrirskipa, aðstoða, undirbúa, greiða fyrir eða hvetja til slíks athæfis,

c) tengjast einstaklingum sem um getur í a- eða b-lið, sbr. skrá í viðaukanum.

2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði sitt.

3. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:

a) sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,

b) sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,

c) samkvæmt marghliða samningi þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða

d) samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfagarður (Vatikanborgríkið) og Ítalía gerðu sín í milli.

4. Ákvæði 3. mgr. skulu einnig eiga við í tilvikum þar sem aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

5. Ráðinu skal tilkynnt með viðeigandi hætti um öll tilvik þegar aðildarríki veitir undanþágu skv. 3. eða 4. mgr.

6. Aðildarríki geta veitt undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. mgr. ef koma eða gegnumferð er réttlætt af knýjandi mannúðarástæðum eða með þátttöku í fundum alþjóðlegrar milliríkjastofnunar eða fundum sem Sambandið styður eða heldur, eða sem haldnir eru í því aðildarríki sem fer með formennsku í ÖSE hverju sinni, þar sem fram fara stjórn málaumræður sem efla með beinum hætti stefnumarkmið þvingunaraðgerða, þ.m.t. stuðning við réttarríki, lýðræði og mannréttindi í Rússlandi.

7. Aðildarríki geta einnig veitt undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. mgr. ef koma eða gegnumferð er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla geti farið fram.

8. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágur sem um getur í 6. eða 7. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþága skal teljast veitt nema einn eða fleiri fulltrúar ráðsins andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því að tilkynning berst um fyrirhugaða undanþágu. Ef einn fulltrúi í ráðinu eða fleiri hreyfa andmælum getur ráðið tekið ákvörðun, með auknum meirihluta, um að veita fyrirhugaða undanþágu.

9. Þegar aðildarríki heimilar, skv. 3., 4., 6., 7. og 8. mgr., komu aðila, sem eru á skrá í viðaukanum, inn á yfirráðasvæði sitt eða ferð þeirra um það skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og viðkomandi aðila.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstraraðila eða stofnana sem:

a) bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða misbeitingu eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði eða réttarríkinu í Rússlandi,

b) veita fjárhagslegan, tæknilegan eða efnislegan stuðning til eða koma á annan hátt að athæfi sem er sett fram í a-lið, þ.m.t. með því að skipuleggja, stjórna, fyrirskipa, aðstoða, undirbúa, greiða fyrir eða hvetja til slíks athæfis,

c) tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið, sbr. skrá í viðaukanum.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í viðaukanum, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi fjármunir eða efnahagslegur auður sé:

a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra aðila sem eru á skrá í viðaukanum og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,

c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjald fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða umsýslu þar að lútandi,

d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafi kunngjört lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt eða

e) til þess að greiða inn á eða út af reikningi sendiskrifstofu eða ræðisstofnunar eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem til stendur að nota slíkar greiðslur í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendiskrifstofu eða ræðisstofnunar eða alþjóðastofnunar, Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 1. mgr., var færð á skrá í viðaukanum, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Sambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,

b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem slík ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt slíkri ákvörðun, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,

c) að ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í viðaukanum og

d) að viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

5. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er á skrá í viðaukanum, geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi sem var gerður áður en slíkur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun var færð á skrána, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin, sem um getur í 1. mgr., fái ekki greiðsluna í hendur með beinum eða óbeinum hætti.

6. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um viðbót við frysta reikninga í formi:

a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum,

b) greiðslna, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum, sem gengið var frá eða urðu til áður en þessir reikningar féllu undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. eða

c) greiðslna sem inna ber af hendi samkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnvalds eða gerðardóms, sem teknar eru í Sambandinu eða eru aðfararhæfar í viðkomandi aðildarríki, að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir þær aðgerðir sem kveðið er á um í 1. mgr.

7. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að tryggja megi tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks.

8. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt:

a) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,

b) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu, vegna veitingar tengdrar aðstöðu og þjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis slíkrar rafrænnar fjarskiptaþjónustu, í Rússlandi, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Rússlands og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu eða

c) vegna sölu og tilfærslu fyrir 28. ágúst 2024 eða innan sex mánaða frá dagsetningu skrárinnar í viðaukanum, eftir því hvort kemur síðar, á eignarrétti í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu þar sem sá eignarréttur er í beinni eða óbeinni eigu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í viðaukanum og eftir að hafa ákvarðað að hagnaður af slíkri sölu og yfirfærslu sé áfram frystur.

9. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 7. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

10. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.

3. gr.

1. Ráðið skal einróma, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“), ákveða að stofna skrána í viðaukanum og gera breytingar á henni.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðunina sem um getur í 1. mgr., m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á skrá, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem í hlut á, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt og slík tilkynning getur farið fram, eða með útgáfu tilkynningar þar sem fyrirnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar. 3. Ef athugasemdir eru gerðar eða ný, traust gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðunina, sem um getur í 1. mgr., og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

4. gr.

1. Í viðaukanum skal tilgreina ástæður þess að einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr., eru færð á skrá.

2. Í viðaukanum skulu vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra og tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

5. gr.

1. Ráðið og æðsti fulltrúinn mega vinna persónuupplýsingar til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari ákvörðun, nánar tiltekið:

- a) að því er varðar ráðið, vegna undirbúnings og breytinga á viðaukanum,
- b) að því er varðar æðsta fulltrúann, vegna undirbúnings breytinga á viðaukanum.

2. Ráðinu og æðsta fulltrúanum er, eftir atvikum, aðeins heimilt að vinna viðeigandi upplýsingar sem varða refsiverð brot sem framin eru af einstaklingum sem eru á skránni í viðaukanum og sakfellingar í refsímálum eða öryggisráðstafanir sem varða slíka einstaklinga, að því marki sem slík vinnsla er nauðsynleg vegna undirbúnings viðaukans.

3. Að því er varðar þessa ákvörðun eru ráðið og æðsti fulltrúinn tilgreind sem „ábyrgðaraðilar“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725(1), til að tryggja að viðkomandi einstaklingar geti neytt réttar síns samkvæmt þeirri reglugerð.

6. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkjanna selji, afhendi, tilfæri eða flytji út búnað til Rússlands, sem nota má til bælingar innanlands, eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna, eða að notuð séu til þess skip sem sigla undir fána þeirra eða loftför þeirra, hvort sem vörurnar eru upprunnar á yfirráðasvæðum þeirra eða ekki.

2. Enn fremur er lagt bann við því:

- a) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu sem tengist þeim hlutum er um getur í 1. mgr. eða því að útvega, framleiða, viðhalda og nota slíka hluti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi, eða til notkunar í Rússlandi,
- b) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist þeim hlutum er um getur í 1. mgr., þ.m.t. einkum og sér í lagi styrki, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta eða sem tengist því að veita tengda tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, eða til notkunar í Rússlandi.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á búnaði, sem er eingöngu ætlaður til verndar starfsfólki Sambandsins og aðildarríkja þess í Rússlandi, eða um veitingu tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu eða um fjármögnun og fjárhagsaðstoð sem tengist slíkum búnaði.

4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning búnaðar, sem nota má til bælingar innanlands, og tengda veitingu fjármagns, fjárhagsaðstoðar og tækniaðstoðar, sem einungis eru ætluð í mannúðar- eða verndarskyni, til áætlana SÞ um stofnanauppbyggingu eða Sambandsins eða til hættustjórnunaraðgerða SÞ og Sambandsins eða svæðisbundinna stofnana og undirsvæðisstofnana.

5. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.

7. gr.

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, eða til notkunar þar í landi, á búnaði, tækni eða hugbúnaði sem er fyrst og fremst ætlaður til vöktunar eða hlerunar af hálfu eða fyrir hönd stjórnvalda í Rússlandi á samskiptum á netinu og í síma um farsíma- eða fastlínukerfi, m.a. að veita hvers kyns þjónustu vegna vöktunar eða hlerunar í fjarskiptum eða á netinu, og við því að veita fjárhags- og tækniaðstoð við að setja upp, reka eða uppfæra fyrrnefndan búnað, tækni eða hugbúnað af hálfu ríkisborgara aðildarríkja eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkja.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkja heimilað sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á búnaði, tækni eða hugbúnaði, þ.m.t. veitingu hvers kyns þjónustu vegna vöktunar eða hlerunar í fjarskiptum eða á netinu, auk tengdrar fjárhags- og tækniaðstoðar, sem um getur í 1. mgr., ef þau hafa gilda ástæðu til að ætla að ríkisstjórn Rússlands, opinberar stofnanir, fyrirtæki eða skrifstofur eða einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða starfa eftir fyrirmælum þeirra, muni ekki nota búnaðinn, tæknina eða hugbúnaðinn til bælingar innanlands. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkja heimilað sölu, afhendingu, tilfærslu og útflutning sem um getur í henni, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þetta sé nauðsynlegt:

- a) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- b) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Rússlandi, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Rússlands og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.

4. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.

8. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt ákvörðun þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í viðaukanum,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Þessi grein er með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

9. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, eru sniðengin.

10. gr.

Til þess að þær aðgerðir, sem eru settar fram í ákvörðun þessari, hafi sem mest áhrif skal Sambandið hvetja þriðju ríki til að samþykkja þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem kveðið er á um í ákvörðun þessari.

11. gr.

Ákvörðun þessi gildir til 28. maí 2025.

Hún skal vera til stöðugar endurskoðunar. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

Undantekningarnar sem um getur í 7. mgr. 2. gr. að því er varðar 1. og 2. mgr. 2. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á tólf mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúans eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallarbreytingar á aðstæðum.

12. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 27. maí 2024.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um fjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

VIÐAUKI

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1484/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economyeuro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

FYLGISKJAL 2

Fylgiskjal 2.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1485

frá 27. maí 2024

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Rússlandi

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1484 frá 27. maí 2024 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Rússlandi(1),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 27. maí 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1484 þar sem komið er á fót ramma fyrir markvissar þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Rússlandi og bælingu innanlands þar í landi. Það pólitíska samhengi og ástæður sem liggja að baki þvingunaraðgerðunum eru settar fram í forsenduliðum þeirrar ákvörðunar.

2) Bæling innanlands felur m.a. í sér pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega og vanvirðandi meðferð eða refsingu, skyndilegar eða tilviljanakenndar aftökur, mannhvörf, fangelsun með tilviljanakenndum hætti og önnur meiri háttar brot á mannréttindum og mannfrelsi, eins og sett er fram í viðkomandi alþjóðlegum gerningum um mannréttindi, þ.m.t. mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi.

3) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1484 er kveðið á um ferðabann einstaklinganna sem eru á skrá í viðaukanum við hana og frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í þeim viðauka. Í henni er einnig kveðið á um tilteknar geirabundnar útflutningstakmarkanir á hluti sem nota má til bælingar innanlands, sem og hluti sem einkum eru ætlaðir til að vakta eða rjúfa upplýsingaöryggi og fjarskipti.

4) Takmarkanirnar sem settar eru með þessari reglugerð varðandi hluti sem eru á skrá í I. og II. viðauka við hana hafa ekki áhrif á þær takmarkanir sem gilda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014(2). Þegar hlutir falla undir flokkana sem settir eru fram í I. eða II. viðauka við þessa reglugerð sem og undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 ættu takmarkanirnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 að gilda.

5) Í II. viðauka við þessa reglugerð eru tilgreindir flokkar hluta sem metnir eru svo að þeir skipti máli varðandi bælingu innanlands á grundvelli tæknigetu þeirra. Þegar hlutur fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 ættu takmarkanirnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 að gilda án tillits til þess hvort hlutir uppfylli tæknigetuna sem tilgreind er í II. viðauka við þessa reglugerð.

6) Upplýsingar um fyrirhugaða notkun á búnaði, tækni eða hugbúnaði til bælingar innanlands í Rússlandi er hægt að fá með hvaða hætti sem er þ.m.t. eigin niðurstöðum rekstraraðila, upplýsingum sem lögbær stjórnvöld veita eða heimildum sem eru öllum aðgengilegar.

7) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og er löggjöf á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.

8) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til sanngjarnra réttarhaldar, rétturinn til varnar og rétturinn til verndar persónuupplýsingum. Beita ætti þessari reglugerð í samræmi við þessi réttindi.

9) Verklag við breytingar á skránni sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerð þessa ætti að fela í sér að tilkynna tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum forsendurnar fyrir skráningu þeirra til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir.

10) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að tryggja sem mesta réttarvissu innan Sambandsins ætti að birta nöfn og aðrar viðeigandi upplýsingar um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem til stendur að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá í samræmi við þessa reglugerð. Öll vinnsla persónuupplýsinga ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679(3) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725(4).

11) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að miðla upplýsingum hvert til annars um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð og um hvers kyns aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir í tengslum við þessa reglugerð.

12) Aðildarríkin ættu að setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar. Þessi viðurlög ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „miðlunarþjónusta“:

i. að semja um eða skipuleggja viðskipti vegna kaupa, sölu eða afhendingar vara og tækni eða fjármálaeða tækniþjónustu, þ.m.t. frá þriðja landi til annars þriðja lands, eða

ii. að selja eða kaupa vörur og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, þ.m.t. þegar þær eða hún er staðsett í þriðja landi og tilfæra á þær eða hana til annars þriðja lands,

b) „krafa“: hvers kyns krafa, hvort sem henni er haldið fram í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi og er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og einkum:

i. krafa um efndir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,

ii. krafa um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysisbóta í hvaða mynd sem er,

iii. bótakrafa í tengslum við samning eða viðskipti,

iv. gagnkrafa,

v. krafa um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með exequatur, dómi, úrskurði gerðardóms eða jafngildri ákvörðun, óháð því hvar hann eða hún eru kveðin upp eða tekin,

c) „samningur eða viðskipti“: hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um er að ræða einn samning eða fleiri eða ámóta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhagsleg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,

d) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem eru á skrá í III. viðauka,

e) „efnahagslegur auður“: eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir, en unnt er að nota til að afla sér fjármuna, vara eða þjónustu,

f) „fjármögnun eða fjárhagsaðstoð“: sérhver aðgerð einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, óháð þeirri aðferð sem valin er, með eða án skilyrða, sem miðar að því að greiða eða skuldbinda sig til að greiða af eigin fjármunum eða efnahagslegum auði, þ.m.t., en þó ekki takmarkað við, styrkir, lán, ábyrgðir, ábyrgðarskuldbindingar, skuldabréf, bankaábyrgðir, greiðslufrestur seljanda, greiðslufrestur kaupanda, fyrirframgreiðslur vegna inn- eða útflutnings og allar tegundir váttrygginga og endurtrygginga, þ.m.t.

greiðsluváttrygging vegna útflutnings; greiðsla, ásamt skilmálum og skilyrðum fyrir greiðslu umsamins verðs fyrir vöru eða þjónustu, í samræmi við eðlilega viðskiptahætti, telst ekki vera fjármögnun eða fjárhagsaðstoð,

g) „fyrsting efnahagslegs auðs“: að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vara eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans,

h) „fyrsting fjármuna“: að koma í veg fyrir hvers konar flutning, tilfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,

i) „fjármunir“: hvers konar fjáreignir og ágóði, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:

i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,

ii. inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,

iii. verðbréf og skuldaskjöl, sem viðskipti eru með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óveðtryggt skuldabréf og afleiðusamningar,

iv. vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,

v. lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,

vi. bankaábyrgðir, farmbréf, sölureikningar,

vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,

j) „tækniaðstoð“: tæknilegur stuðningur í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu verkþekkingar eða -kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu, þ.m.t. munnleg aðstoð,

k) „yfirráðasvæði Sambandsins“: þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn um Evrópusambandið gildir um, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í honum, þ.m.t. loftrými þeirra.

2. gr.

1. Lagt skal bann við því:

- a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, búnað, sem nota má til bælingar innanlands og er á skrá í I. viðauka, hvort sem hann er upprunninn í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,
- b) að veita tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist þeim búnaði er um getur í a-lið, beint eða óbeint einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,
- c) að veita fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, auk trygginga og endurtrygginga, sem tengist þeim búnaði er um getur í a-lið, beint eða óbeint einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um hlífðarbúnað sem starfsfólk SP, starfsfólk Evrópusambandsins eða aðildarríkja þess, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur flutt tímabundið út til Rússlands, eingöngu til eigin nota.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við eiga, sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning búnaðar sem nota má til bælingar innanlands, og er á skrá í I. viðauka, og tengda veitingu fjármagns og fjárhagsaðstoðar og tækniaðstoðar, sem er einungis ætluð í mannúðareða verndarskyni, vegna áætlana um stofnanauppbyggingu á vegum SP eða Sambandsins eða í hættustjórnunaraðgerðum SP og Sambandsins eða svæðisbundinna stofnana og undirsvæðisstofnana.

4. Aðeins má veita þær heimildir, sem um getur í 3. mgr., áður en ráðist er í þá aðgerð sem óskað er heimildar fyrir. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.

5. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þeirrar aðstoðar eða þjónustu sem þar um getur, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt:

- a) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- b) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu, vegna veitingar tengdrar aðstöðu og þjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis slíkrar rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Rússlandi, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Rússlands og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu.

3. gr.

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á búnaði, tækni eða hugbúnaði, sem er á skrá í II. viðauka, hvort sem framangreint á uppruna í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi nema lögbært stjórnvald viðkomandi aðildarríkis hafi veitt fyrirframheimild.
2. Lögbær stjórnvöld skulu ekki veita heimild skv. 1. mgr. ef þau hafa gilda ástæðu til að ætla að ríkisstjórn Rússlands, opinberar stofnanir, fyrirtæki eða skrifstofur eða aðilar eða rekstrareiningar, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða starfa eftir fyrirmælum þeirra, noti búnaðinn, tæknina eða hugbúnaðinn, sem um ræðir, til bælingar innanlands.
3. Í II. viðauka skal tilgreina upplýsingaöryggis- og fjarskiptabúnað, tækni eða hugbúnað sem hægt er að misnota til bælingar innanlands.
4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þeirrar þjónustu sem þar um getur, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt:
 - a) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
 - b) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Rússlandi, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Rússlands og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu.
5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.
6. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem synjað er samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá synjuninni.
7. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á ákvæði 2. gr. a í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014.

4. gr.

1. Hafi lögbært stjórnvald viðkomandi aðildarríkis ekki veitt fyrirframheimild skv. 1. mgr. 3. gr. skal lagt bann við því að:
 - a) veita, með beinum eða óbeinum hætti, tæknaðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist búnaði, tækni og hugbúnaði, sem eru á skrá í II. viðauka, í tengslum við það að setja upp, útvega, framleiða, viðhalda, gera við og nota búnað og tækni, sem eru á skrá í II. viðauka, eða í tengslum við að útvega, setja upp, starfrækja eða uppfæra hvers kyns hugbúnað, sem er á skrá í II. viðauka, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,
 - b) veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist búnaði, tækni og hugbúnaði, sem eru á skrá í II. viðauka, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,
 - c) veita hvers kyns þjónustu vegna fjarskipta- eða netvöktunar eða hlerunar, beint eða óbeint í þágu ríkisstjórnar Rússlands, opinberra stofnana, fyrirtækja og skrifstofa eða aðila eða rekstrareiningar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum þeirra.
2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. felur bannið við viðhaldi og viðgerð á viðkomandi búnaði í sér bann við viðhaldi, uppfærslu og viðgerð á ívafshugbúnaði sem er felldur inn í búnaðinn.
3. Að því er varðar c-lið 1. mgr. merkir „þjónusta vegna fjarskipta- eða netvöktunar eða hlerunar“ þjónusta sem einkum felst í notkun búnaðar, tækni eða hugbúnaðar, sem eru á skrá í II. viðauka, og veitir aðgang að eða afhendir fjarskiptaboð til eða frá viðfangi og gögn í tengslum við símtöl í því skyni að draga fram, afkóða, hljóðrita, vinna úr, greina eða geyma efnið, eða hvers kyns önnur starfsemi því tengd.

5. gr.

1. Bönnin í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. skulu gilda þegar búnaður, tækni eða hugbúnaður sem eru ekki á skrá í I. og II. viðauka eru ætluð, í heild eða að hluta, til nota í tengslum við bælingu innanlands í Rússlandi. Þegar rekstraraðili fær vitneskju um það skal hann tafarlaust tilkynna það lögbærum stjórnvöldum.

2. Bönnin í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. skulu ekki gilda þegar rekstraraðilinn hefur enga ástæðu til að ætla að búnaður, tækni eða hugbúnaður sem eru ekki á skrá í I. og II. viðauka eru ætluð, í heild eða að hluta, til nota í tengslum við bælingu innanlands í Rússlandi.

6. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í IV. viðauka.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í IV. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.

3. Í IV. viðauka a skal tilgreina einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem:

a) bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða misbeitingu eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði eða réttarríkinu í Rússlandi,

b) veita fjárhagslegan, tæknilegan eða efnislegan stuðning til eða koma á annan hátt að athæfi sem er sett fram í a-lið, þ.m.t. með því að skipuleggja, stjórna, fyrirskipa, aðstoða, undirbúa, greiða fyrir eða hvetja til slíks athæfis,

c) tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið.

7. gr.

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 6. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi fjármunir eða

efnahagslegur auður sé:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í IV. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjald fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða umsýslu þar að lútandi,
- d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. 2 vikum áður en heimildin er veitt,
- e) til þess að greiða inn á eða út af reikningi sendiskrifstofu eða ræðisstofnunar eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem slíkar greiðslur eru ætlaðar til nota í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendi- eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar,
- f) nauðsynlegur vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- g) nauðsynlegur vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu, vegna veitingar tengdrar aðstöðu og þjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis slíkrar rafrænnar fjarskiptaþjónustu, í Rússlandi, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Rússlands og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu eða
- h) nauðsynlegur vegna sölu og tilfærslu fyrir 28. ágúst 2024 eða innan sex mánaða frá dagsetningu skráningarinnar í IV. viðauka, eftir því hvort kemur síðar, á eignarrétti í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu þar sem sá eignarréttur er í beinni eða óbeinni eigu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í IV. viðauka og eftir að hafa ákvarðað að hagnaður af slíkri sölu og yfirfærslu sé áfram frystur.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

8. gr.

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 6. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að tryggja megi tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks.

2. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan 5 virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 1. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

3. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.

9. gr.

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 6. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tiltekni frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 6. gr. var færð á skrá í IV. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Sambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,
 - b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem slík ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt slíkri ákvörðun, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,
 - c) að ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í IV. viðauka og
 - d) að viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki.
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

10. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. og að því tilskildu að greiðsla einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í IV. viðauka eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun gerði, eða samkvæmt skuldbindingu sem viðkomandi bar að sinna fyrir þann dag er einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin hafði verið færð á skrá í IV. viðauka, geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi komist að raun um:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í IV. viðauka og
 - b) að greiðslan sé ekki brot á 2. mgr. 6. gr.
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

11. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir, sem taka við fjármunum sem þriðju aðilar yfirfæra inn á reikninga einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá, færi þá til tekna á frystum reikningum, að því tilskildu að það viðbótarfé sem þannig er fært á slíka reikninga sé einnig fryst. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbæru stjórnvaldi um slík viðskipti án tafar.

2. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. gildir ekki um eftirtaldar viðbætur við frysta reikninga:

- a) vexti eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum,
 - b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 6. gr., var færður á skrá í IV. viðauka eða
 - c) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms sem teknar eru í aðildarríki eða eru aðfararhæfar í viðkomandi aðildarríki,
- að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. mgr. 6. gr.

12. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu:

a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingum um reikninga og fjárhæðir sem eru fryst skv. 1. mgr. 6. gr., eða upplýsingum um fjármuni og efnahagslegan auð, sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í IV. viðauka og sem hafa ekki verið meðhöndlaðar sem frystar af einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem hafa skyldu til þess, til viðkomandi lögbærs stjórnvalds í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar milliliðalaust eða fyrir atbeina aðildarríkisins, og

b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þær upplýsingar sem um getur í a-lið.

2. Ákvæði 1. mgr. skal gilda með fyrirvara um innlendar eða aðrar viðeigandi reglur að því er varðar leynd upplýsinga í vörslu dómsyfirvalda og í samræmi við þá virðingu fyrir trúnaði sem ríkir í samskiptum milli lögmanna og skjólstaðinga þeirra og tryggð er í 7. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í því skyni fela slík samskipti í sér þau samskipti sem varða lögfræðiráðgjöf sem veitt er af öðrum sérfræðingum með málflutningsleyfi samkvæmt landslögum til að flytja mál fyrir skjólstaðinga sína fyrir dómstólum, að svo miklu leyti sem slík lögfræðiráðgjöf er veitt í tengslum við yfirstandandi eða væntanlega dómsmeðferð.

3. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.

4. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða er veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

5. Lögbær stjórnvöld, þ.m.t. fullnustuyfirvöld, töllyfirvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013(5), lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013(6), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849(7) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB(8), auk stjórnenda opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, ásamt lausafé og fasteignum, eru skráð, skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum og, ef nauðsyn krefur, upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar við önnur lögbær stjórnvöld aðildarríkis þeirra, annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni vinnsluyfirvaldsins eða viðtökuyfirvaldsins samkvæmt þessari reglugerð, einkum þegar þau verða vör við brot eða sniðgöngu, eða tilraunir til brota eða sniðgöngu, á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

13. gr.

1. Lagt skal bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þær aðgerðir, sem um getur í þessari reglugerð, eru sniðgengnar.

2. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í IV. viðauka, skulu:

a) gefa skýrslu, innan 6 vikna frá dagsetningu færslu þeirra á skrá í IV. viðauka, um fjármuni eða efnahagslegan auð í lögsögu aðildarríkis, sem tilheyrir þeim, er í eigu, vörslu eða undir stjórn þeirra, til lögbærs stjórnvalds aðildarríkisins þar sem fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn eru staðsett og

b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þessar upplýsingar.

3. Vanræksla á því að fara að 2. mgr. þessarar greinar skal teljast þátttaka, eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þær aðgerðir, er um getur í 6. gr., séu sniðgengnar.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina innan tveggja vikna um upplýsingarnar sem eru móttæknar skv. a-lið 2. mgr.

5. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

6. Hvers konar vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við þessa reglugerð og reglugerðir (ESB) 2016/679 og (ESB) 2018/1725 og einungis að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar þessarar reglugerðar.

14. gr.

1. Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur, eða ef synjað er um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, í góðri trú, á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við reglugerð þessa, bera þeir einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar eða stofnanir, sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar eða hlutaðeigandi stjórnendur eða starfsmenn, ekki ábyrgð af neinu tagi nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

2. Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapar þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn sem sett eru í þessari reglugerð.

15. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarlofordi, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í IV viðauka,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

16. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu upplýsa hvert annað um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta og þau búa yfir, í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar er varða:

- a) frysta fjármuni skv. 6. gr. og heimildir sem veittar eru samkvæmt undanþágunum sem eru settar fram í þessari reglugerð,
- b) brot á ákvæðum og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

17. gr.

1. Ákveði ráðið að þær aðgerðir er um getur í 2. gr. skuli varða einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, skal það gera viðeigandi breytingar á IV. viðauka.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðun skv. 1. mgr., m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á skrá, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem í hlut á, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt og er slík tilkynning getur farið fram, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrirnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða viðkomandi ákvörðun og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

4. Endurskoða skal skrána í IV. viðauka með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta III. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

18. gr.

1. Í IV. viðauka skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir eru færðar á skrá.
2. Í IV. viðauka skulu vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra og tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

19. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að gera ágóða af slíkum brotum upptækan.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær reglur, sem um getur í 1. mgr., strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

20. gr.

1. Ráðið, framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) mega vinna persónuupplýsingar til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð. Verkefnin eru:
 - a) að því er varðar ráðið, að undirbúa og gera breytingar á IV. viðauka,
 - b) að því er varðar æðsta fulltrúann, að undirbúa breytingar á IV. viðauka,
 - c) að því er varðar framkvæmdastjórnina:
 - i) að bæta efni IV. viðauka við rafrænu samsteyptu skrána yfir einstaklinga og lögaðila, hópa og rekstrareiningar sem sæta fjárhagslegum refsiaðgerðum Sambandsins og á gagnvirka kortið yfir refsiaðgerðir, sem bæði eru aðgengileg almennungi,
 - ii. að vinna upplýsingar um áhrif ráðstafana þessarar reglugerðar, s.s. um verðmæti frystra fjármuna og upplýsingar um heimildir sem lögbær stjórnvöld hafa veitt.
2. Ráðið, framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúinn skulu, eftir atvikum, vinna viðeigandi upplýsingar sem varða refsiverð brot sem framin eru af einstaklingum sem eru á skrá, sakfellingar slíkra einstaklinga í refsimálum eða öryggisráðstafanir sem varða þá, aðeins að því marki sem slík vinnsla er nauðsynleg vegna undirbúnings IV. viðauka.
3. Að því er varðar þessa reglugerð eru ráðið, framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúinn tilgreind sem „ábyrgðaraðili“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, til að tryggja að viðkomandi einstaklingar geti neytt réttar síns samkvæmt þeirri reglugerð.

21. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum sem eru á skrá í III. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers kyns breytingar á vefköngum vefsetra sinna sem eru á skrá í III. viðauka.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.
3. Sé gerð krafa, samkvæmt þessari reglugerð, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þær sem skráðar eru í III. viðauka.

22. gr.

Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

23. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern einstakling innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins, sem er skráðeða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.

24. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2024.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(1) Stjtið. ESB L, 2024/1484, 27.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1484/oj>.

(2) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undanstöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

(8) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

VIÐAUKI

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1485/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3.

mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economyeuro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

FYLGISKJAL 3

Fylgiskjal
ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 3.
frá 8. október 2024/2643
um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika
RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,
með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:
1) Árið 2013 mælti Valery Gerasimov, yfirmaður herforingjaráðs herafla Rússneska sambandsríkisins fyrir breytingum á þeim hernaði sem Rússneska sambandsríkið beitir og fyrir notkun pólitískra, diplómátskra og annarra aðgerða sem ekki eru af hernaðarlegum toga í bland við notkun hervalds. Gerasimov tiltók að upplýsingarýmið opni fyrir viðtæka ósamhverfa möguleika til að draga úr bardagagetu óvinarins.
2) Mannréttindadómstóll Evrópu komst í dómi sínum, í máli Carter gegn Rússlandi (20914/07) frá 21. september 2021, að því að tveir einstaklingar, sem störfuðu samkvæmt fyrirmælum eða undir stjórn rússneskra yfirvalda, hafi eittrað fyrir Alexander Litvinenko.
3) Hinn 9. mars 2022 lýsti Evrópuþingið því yfir, í ályktun sinni um erlend afskipti af öllum lýðræðisferlum í Evrópusambandinu, þ.m.t. rangar upplýsingar, að Rússland hafi stundað útbreiðslu rangra upplýsinga af áður óþekktum toga hvað varðar illan ásetning og umfang í bæði hefðbundnum fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum til að villa um fyrir borgurum sínum heima fyrir og alþjóðasamfélaginu fyrir upphaf og á meðan á árásarstríði þess gegn Úkraínu hefur staðið. Evrópuþingið lagði áherslu á að Rússland sé eitt þeirra ríkja sem beint hefur spjótum sínum að fjölmiðlafólki og andstæðingum í Sambandinu.
4) Hinn 10. maí 2022 fordæmdu Sambandið og alþjóðlegir samstarfsaðilar þess harðlega þær netaðgerðir af illum ásetningi sem Rússneska sambandsríkið stundaði gegn Úkraínu og beindust gegn KA-SAT gervihnattanetinu sem er í eigu Viasat. Sú netárás átti sér stað einni klukkustund fyrir tilefnislausa og óréttmæta innrás Rússlands í Úkraínu hinn 24. febrúar 2022 og auðveldaði þannig hernaðarárásina og var enn eitt dæmið um áframhaldandi óábyrga hegðun Rússlands í netheimum.
5) Hinn 19. júlí 2022 fordæmdu æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) þær netaðgerðir af illum ásetningi sem stundaðar væru í tengslum við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og dreifðar álagsárásir gegn mörgum aðildarríkjum og samstarfsaðilum sem hópar tölvuþrjóta sem eru fylgjandi Rússlandi lýstu ábyrgð sinni á.
6) Í niðurstöðum sínum frá 21. júní 2022 tók ráð Evrópusambandsins fram að þó að skilgreiningar á fjölþátta-
ógnnum og -herferðum geti verið breytilegar þurfi þær að vera sveigjanlegar til að hægt sé að bregðast með viðeigandi hætti við þróun þessara ógna. Í því samhengi tók ráðið mið af hugmyndavinnu um „fjölþáttaógnir“ og „fjölþáttaherferðir“ sem framkvæmdastjórnin og Evrópska öndvegissetrið um aðgerðir gegn fjölþáttaógnnum leggja til í skýrslunni „Landslag fjölþáttaógna: Hugtakalíkan“ (e. The Landscape of Hybrid Threats: A Conceptual Model).
7) Í niðurstöðum sínum frá 21. júní 2022 og 18. júlí 2022 ítrekaði ráðið ákall til æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar um að leggja fram tillögur, sem virða að öllu leyti mannréttindi og mannfrelsi, um vel skilgreindar ráðstafanir sem hægt væri að grípa til gegn aðilum sem taka þátt í erlendra íhlutun og hagræðingu upplýsinga (e. Foreign Information Manipulation and Interference „FIMI“) ef nauðsyn krefur til að viðhalda allsherjarreglu og öryggi í Sambandinu.
8) Í febrúar 2023 birti utanríkisþjónusta Evrópusambandsins skýrslu um ógnir erlendra íhlutunar og hag-ræðingar upplýsinga þar sem hún skilgreindi erlenda íhlutun og hagræðingu upplýsinga sem að mestu löglegt hegðunarmynstur, sem ógnar eða gæti mögulega haft neikvæð áhrif á gildi, aðferðir og pólitíska ferla. Slík starfsemi er í eðli sínu misnotkun og framkvæmd vísvitandi og á samræmdan hátt af ríkjum eða gerendum sem eru óháðir ríkjum, þ.m.t. staðgenglum þeirra innan og utan eigin yfirráðasvæðis.
9) Hinn 3. febrúar 2023 ítrekaði Sambandið, í yfirlýsingu í kjölfar 24. leiðtogafundar ESB og Úkraínu (e. 24th EU-Ukraine summit), samstöðu sína með Úkraínu í baráttunni við fjölþáttaógnir og netárásir og skuld-bindingu sína um að halda stuðningi sínum áfram hvað þetta varðar. Sambandið og Úkraína viðurkenndu mikilvægi þess að efla samvinnu til að takast á við íhlutun og hagræðingu upplýsinga af hálfu rússneska ríkisins, þ.m.t. rangar upplýsingar, sem og að byggja upp viðnámsþrótt við stafræna umbreytingu Úkraínu.
10) Hinn 1. júní 2023 lagði Evrópuþingið, í ályktun sinni um erlend afskipti af öllum lýðræðisferlum í Sambandinu, þ.m.t. rangar upplýsingar, áherslu á að Rússland noti margvíslegar aðferðir við íhlutun, sem hluta af stærri áætlun, til að skaða, villa um fyrir, vekja ótta, veikja og valda sundrunu meðal aðildarríkjanna og

nágrannaríkja þess.

11) Í niðurstöðum sínum frá 14. og 15. desember 2023 fordæmdi leiðtogaráðið allar fjölþáttaárásir, þ.m.t. misnotkun þriðju landa á farandfólki í pólitískum tilgangi, og lýsti því yfir að það væri áfram staðráðið í því að tryggja skilvirkt eftirlit á ytri landamærum Sambandsins. Leiðtogaráðið lagði áherslu á að Sambandið sé staðráðið í að bregðast á ytri landamærum sínum við áframhaldandi fjölþáttaárásur sem Rússneska sambandsríkið stendur fyrir.

12) Í niðurstöðum sínum frá 17. og 18. apríl 2024 lagði leiðtogaráðið áherslu á, í tengslum við kosningar til Evrópuþingsins, einurð Sambandsins og aðildarríkja þess við að draga úr áhættu sem stafar af erlendra íhlutun og hagræðingu upplýsinga í kosningaferlinu.

13) Misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi, eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1359(1), er líkleg til að setja grundvallarhlutverk aðildarríkis í hættu, þ.m.t. við að halda uppi lögum og reglu og vernd þjóðaröryggis.

14) Í niðurstöðum sínum frá 21. maí 2024 viðurkenndi ráðið að ríkisaðilar og aðilar sem ekki tengjast ríkjum noti í auknum mæli fjölþáttaaðferðir, sem eru vaxandi ógn við öryggi Sambandsins, aðildarríki þess og samstarfsaðila og hvatti meginstofnanir Sambandsins og aðildarríkin til að efla aðgerðir til að fylgjast með tilraunum erlendra aðila til að hafa áhrif á lýðræðisleg ferli í Sambandinu.

15) Leiðtogaráðið fordæmdi harðlega, í niðurstöðum sínum frá 27. júní 2024, allar tegunda fjölþáttaaðferða, sem fer sífellt fjölgandi og beinast gegn Sambandinu, aðildarríkjum þess og samstarfsaðilum, þ.m.t. hótanir, skemmdarverk, niðurrif, erlend íhlutun og hagræðing upplýsinga, rangar upplýsingar, netaðgerðir af illum ásetningi og misnotkun þriðju landa á farandfólki í pólitískum tilgangi og lagði áherslu á að Rússland hafi eftir herferð sína með nýjum virkum aðgerðum á evrópskri grundu. Leiðtogaráðið kallaði m.a. eftir því að vinna héldi áfram í ráðinu við að koma á nýju fyrirkomulagi refsiaðgerða í ljósi fjölþáttaóгна.

16) Í ljósi alvarleika ástandsins ætti að beina þvingunaraðgerðum gegn aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem bera ábyrgð á, framkvæma eða styðja við aðgerðir eða stefnur stjórnvalda Rússneska ríkjasambandsins sem grafa undan eða ógna grundvallargildum Sambandsins og öryggi þess, sjálfstæði og heilleika sem og stöðugleika, öryggi eða sjálfstæði aðildarríkja þess, alþjóðastofnana eða þriðju landa eða fullveldi aðildarríkja eða þriðju landa. Í þessum markvissu þvingunaraðgerðum verður unnið að markmiðum á sviði sameiginlegrar utanríkis- og öryggisstefnu sem fram koma í 21. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og stuðla að aðgerðum Sambandsins til að standa vörð um gildi sín, grundvallarhagsmuni, öryggi, sjálfstæði og heilleika, til að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar og til að koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi í samræmi við a- til c-lið 2. mgr. 21. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

17) Slíkar aðgerðir eru í samræmi við grundvallarréttindi og frelsi sem viðurkennd eru í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum réttinn til tjáningar- og upplýsingafrelsis, frelsis til atvinnu-rekstrar og eignarréttinn eins og hann er viðurkenndur í 11., 16. og 17. gr. sáttmálans. Einkum breyta þessar aðgerðir ekki þeirri skyldu að virða þau réttindi, frelsi og meginreglur sem um getur í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, í sáttmálanum um grundvallarréttindi og stjórnarskrám aðildarríkjanna, á viðkomandi gildissviðum þeirra.

18) Til að efla samræmi milli regluverka Sambandsins um þvingunaraðgerðir og við þær aðgerðir sem öryggis-ráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndir þess um þvingunarráðstafanir samþykkja, og til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks, þykir rétt að innleiða undanþágu frá aðgerðum varðandi frystingu eigna einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem tilgreind eru samkvæmt þessari ákvörðun, og frá takmörkunum á því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan þeim, í þágu aðila sem um getur í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022), samtaka og stofnana sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum, samtaka og stofnana sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki og sérstofnana aðildarríkja. Enn fremur telur ráðið að innleiða ætti undanþágufyrirkomulag fyrir þau samtök og þá aðila sem taka þátt í mannúðarstarfi en geta ekki nýtt sér undanþáguna. Ráðið telur einnig að undanþágufyrirkomulagið ætti að gilda í stað undanþágunnar í tilvikum þar sem ráðið hefur ákvarðað að þörf sé á grannskoðun lögbærra innlendra stjórnvalda vegna aukinnar áhættu á að fjármunir eða efnahagslegur auður sem veittur er yrði misnotaður í öðrum tilgangi en til mannúðaraðstoðar.

19) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að framkvæma tiltekna aðgerðir.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari þeir einstaklingar sem skráðir eru í viðaukanum sem:

a) bera ábyrgð á framkvæmd, styðja við eða njóta ábata af aðgerðum eða stefnum stjórnsvalda Rússneska ríkjasambandsins sem grafa undan eða ógna lýðræði, réttarríkinu, stöðugleika eða öryggi í Sambandinu eða í einu eða nokkrum aðildarríkja þess, í alþjóðastofnun eða í þriðja landi, eða sem grafa undan eða ógna fullveldi eða sjálfstæði eins eða fleiri aðildarríkja þess eða þriðja lands með einhverri af eftirfarandi aðgerðum:

i. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, eða greiða á annan hátt fyrir því að hindra eða grafa undan pólitísku lýðræðisferli, þ.m.t. með því að hindra eða grafa undan því að hægt verði að halda kosningar eða reyna að grafa undan stöðugleika eða kollvarpa stjórnskipulegri reglu,

ii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir ofbeldisfullum mótmælum,

iii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir ofbeldisverkum, þ.m.t. starfsemi til að þagga niður, kúga, þvinga eða beita nákvæmum refsiaðgerðum gegn aðilum sem gagnrýna aðgerðir eða stefnur Rússneska sambandsríkisins,

iv. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir notkun samræmdrar íhlutunar og hagræðingar upplýsinga,

v. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir aðgerðum sem beint er að starfi lýðræðisstofnana, atvinnustarfsemi eða þjónustu í þágu almannahagsmuna, þ.m.t. með óheimilli komu á yfirráðasvæði aðildarríkis, þ.m.t. loftrými þess, eða sem miðar að því að trufla, skaða eða eyðileggja, þ.m.t. með skemmdarverkum eða netaðgerðum af illum ásetningi sem hluta af fjölþáttaaðgerðum, mikilvæga innviði þ.m.t. neðansjávargrunnvirki,

vi. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1359,

vii. með því að færa sér í nyt vopnuð átök, óstöðugleika eða óöryggi, m.a. með ólögmati nýtingu eða viðskiptum með náttúruauðlindir og villtar lífverur í þriðja landi,

viii. með því að hvetja til eða greiða fyrir vopnuðum átökum í þriðja landi,

b) tengjast einstaklingum sem eru á skrá skv. a-lið,

c) styðja einstaklinga sem taka þátt í athöfnum sem um getur í a-lið.

2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði sitt.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:

a) sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,

b) sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,

c) samkvæmt marghliða samningi þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða

d) samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfagarður (Vatikanborgríkið) og Ítalía gerðu sín í milli.

4. Ákvæði 3. mgr. skulu einnig eiga við þar sem aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

5. Ráðinu skal tilkynnt með viðeigandi hætti um öll tilvik þegar aðildarríki veitir undanþágu skv. 3. eða 4. mgr.

6. Aðildarríki geta veitt undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. mgr. ef ferð er réttlætt af knýjandi mannúðarástæðum eða með þátttöku í fundum alþjóðlegrar milliríkjastofnunar eða fundum sem Sambandið styður eða heldur eða sem haldnir eru í því aðildarríki sem fer með formennsku í ÖSE hverju sinni, þar sem fram fara stjórn málaumræður sem efla með beinum hætti stefnumarkmið þessara aðgerða.

7. Aðildarríki geta einnig veitt undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. mgr. ef koma eða gegnumferð er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla geti farið fram, m.a. málsmeðferð vegna afhendingar og framsals.

8. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágur sem um getur í 6. eða 7. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþága skal teljast veitt nema einn eða fleiri fulltrúar ráðsins andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því að tilkynning berst um fyrirhugaða undanþágu. Ef einn fulltrúi í ráðinu eða fleiri hreyfa andmælum getur ráðið tekið ákvörðun, með auknum meirihluta, um að veita fyrirhugaða undanþágu.

9. Þegar aðildarríki heimilar, skv. 3., 4., 6., 7. eða 8. mgr., komu aðila, sem er á skrá í viðaukanum, inn á yfirráðasvæði sitt eða ferð hans um það skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem liggur að baki veitingu hennar og viðkomandi aðila.

2.

gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstraraðila eða stofnana sem:

a) bera ábyrgð á framkvæmd, styðja við eða njóta ábata af aðgerðum eða stefnum stjórnvalda Rússneska ríkjasambandsins sem grafa undan eða ógna lýðræði, réttarríkinu, stöðugleika eða öryggi í Sambandinu eða í einu eða fleiri aðildarríkjum þess, í alþjóðastofnun eða í þriðja landi, eða sem grafa undan eða ógna fullveldi eða sjálfstæði eins eða fleiri aðildarríkja þess eða þriðja lands með einhverri af eftirfarandi aðgerðum:

i. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, eða greiða á annan hátt fyrir því að hindra eða grafa undan pólitísku lýðræðisferli, þ.m.t. með því að hindra eða grafa undan því að hægt verði að halda kosningar eða reyna að grafa undan stöðugleika eða kollvarpa stjórnskipulegri reglu,

ii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir ofbeldisfullum mótmælum,

iii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir ofbeldisverkum, þ.m.t. starfsemi til að þagga niður, kúga, þvinga eða beita nákvæmum refsiaðgerðum gegn aðilum sem gagnrýna aðgerðir eða stefnur Rússneska sambandsríkisins,

iv. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir notkun samræmdrar íhlutunar og hagræðingar upplýsinga,

v. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir aðgerðum sem beint er að virkni lýðræðisstofnana, atvinnustarfsemi eða þjónustu í þágu almannahagsmuna, þ.m.t. með óheimilli komu á yfirráðasvæði aðildarríkis, þ.m.t. loftrými þess, eða sem miðar að því að trufla, skaða eða eyðileggja, þ.m.t. með skemmdarverkum eða netaðgerðum af illum ásetningi sem hluta af fjölþáttaaðgerðum, mikilvæga innviði þ.m.t. neðansjávargrunnvirki,

vi. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1359,

vii. með því að færa sér í nyt vopnuð átök, óstöðugleika eða óöryggi, m.a. með ólögmætri nýtingu eða viðskiptum með náttúruauðlindir og villtar lífverur í þriðja landi,

viii. með því að hvetja til eða greiða fyrir vopnuðum átökum í þriðja landi,

b) tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá skv. a-lið,

c) styðja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnanir sem taka þátt í athöfnum sem um getur í a-lið, og eru á skrá í viðaukanum.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrar-einingum eða stofnunum sem eru á skrá í viðaukanum, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi fjármunir eða efnahagslegur auður sé:

a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra aðila sem eru á skrá í viðaukanum og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismedferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðipóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræði-þjónustu,

c) eingöngu ætlaður til að greiða póknun eða þjónustugjald fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða umsýslu þar að lútandi,

d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. 2 vikum áður en heimildin er veitt,

e) til þess að greiða inn á eða út af reikningi sendiskrifstofu eða ræðisstofnunar eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem slíkar greiðslur eru ætlaðar til nota í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendiskrifstofu eða ræðisstofnunar eða alþjóðastofnunar,

f) nauðsynlegur vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfs-landa í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti eða

g) nauðsynlegur vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu og vegna veitingar tengdrar aðstöðu og þjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis slíkrar rafrænnar fjarskiptaþjónustu.

4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. innan 2 vikna frá því að hún er veitt.
5. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi aðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 1. mgr., var færð á skrá í viðaukann, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Sambandsins eða ákvörðunar dóm-stóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,
 - b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem slík ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt slíkri ákvörðun, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,
 - c) að ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í viðaukanum og
 - d) að viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki.
6. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 5. mgr. innan 2 vikna frá því að hún er veitt.
7. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að skráður einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi sem var gerður áður en slíkur einstaklingur, lögaðili, rekstrar-eining eða stofnun var færð á skrá í viðaukanum, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 1. mgr., fái ekki greiðsluna í hendur með beinum eða óbeinum hætti.
8. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um viðbót við frysta reikninga í formi:
- a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum,
 - b) greiðslna, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum, sem gengið var frá eða urðu til áður en þessir reikningar féllu undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. eða
 - c) greiðslna sem inna ber af hendi samkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnvalds eða gerðardóms sem teknar eru í Sambandinu eða eru aðfararhæfar í viðkomandi aðildarríki,
- að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. gr.

1. Ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

- a) Sameinuðu þjóðanna (SP), þ.m.t. áætlana þeirra, sjóða og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
- b) alþjóðastofnana,
- c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi SP og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
- d) fjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum SP um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum SP vegna flóttafólks, öðrum áköllum SP eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða SP í mannúðarmálum samhæfir,
- e) samtaka og stofnana, sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum (e. Humanitarian Partnership Certificate) eða sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki í samræmi við landsbundna málsmeðferð,
- f) sérstofnana aðildarríkjanna eða
- g) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til f-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum.

2. Undanþágan sem sett er fram í 1. mgr. gildir ekki um einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem auðkennd eru með stjórnu í viðaukanum.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að tryggja megi tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks.

4. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá við-komandi lögbæru stjórnvaldi innan 5 virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 1. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá því að slík heimild er veitt.

4. gr.

1. Ráðið skal einróma, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“), ákveða að stofna skrána í viðaukanum og gera breytingar á henni.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sem tekin er skv. 1. mgr., m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á skrá, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem í hlut á, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðunina skv. 1. mgr. og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

5. gr.

1. Í viðaukanum skal tilgreina ástæður þess að einstaklingarnir, lögaðilarnir, rekstrareiningarnar og stofnanirnar, sem um getur í 1. og 2. gr., eru færð á skrá.

2. Í viðaukanum skulu vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra og tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

6. gr.

1. Ráðið og æðsti fulltrúinn mega vinna persónuupplýsingar til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari ákvörðun, nánar tiltekið:

- a) að því er varðar ráðið, vegna undirbúnings og breytinga á viðaukanum,
- b) að því er varðar æðsta fulltrúann, vegna undirbúnings breytinga á viðaukanum.

2. Ráðinu og æðsta fulltrúanum er, eftir atvikum, heimilt að vinna viðeigandi upplýsingar sem varða refsiverð brot, framin af einstaklingum sem eru á skrá, sakfellingar slíkra einstaklinga í refsimálum eða öryggisráðstafanir sem varða þá, að því marki sem slík vinnsla er nauðsynleg vegna undirbúnings viðaukans.

3. Að því er varðar þessa ákvörðun eru ráðið og æðsti fulltrúinn tilgreind sem „ábyrgðaraðilar“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725(2), til að tryggja að viðkomandi einstaklingar geti neytt réttar síns samkvæmt þeirri reglugerð.

7. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt ákvörðun þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í viðaukanum,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, hópi, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Þessi grein er með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, hópa, rekstrareininga og stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmati þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við ákvörðun þessa.

8. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin sem sett eru fram í þessari ákvörðun eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að leitast vísvitandi við að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.

9. gr.

Til þess að þær aðgerðir, sem eru settar fram í ákvörðun þessari, hafi sem mest áhrif skal Sambandið hvetja þriðju ríki til að samþykkja þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem kveðið er á um í ákvörðun þessari.

10. gr.

Ákvörðun þessi gildir til 9. október 2025.

Hún skal vera til stöðugar endurskoðunar. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

Undantekningarnar sem um getur í 3. gr. að því er varðar 1. og 2. mgr. 2. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á tólf mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúans eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallarbreytingar á aðstæðum.

11. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 8. október 2024.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.

VARGA M.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1359 frá 14. maí 2024 um að taka á krísuástandi og óviðráðanlegum atvikum í málefnum sem varða innflytjendur og hæli og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1147 (Stjtið. ESB L, 2024/1359, 22.5.2024, ELI <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1359/oj>).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

VIÐAUKI

VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr.

[...]

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/2643/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 4

Fylgiskjal 4.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/2642

frá 8. október 2024

um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/2643 frá 8. október 2024 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika(1),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 8. október 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/2643 þar sem komið er á fót ramma fyrir markvissar þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika. Það pólitíska samhengi og ástæður sem liggja að baki þessum þvingunaraðgerðum eru settar fram í forsenduliðum þeirrar ákvörðunar.

2) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/2643 er kveðið á um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan tilteknum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í viðauka við hana. Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er löggjöf á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.

3) Misnotkun af hálfu þriðju ríkja eða óvinveittra gerenda, sem eru óháðir ríkjum, á farandfólki í pólitískum tilgangi getur haft tilætluð áhrif, að grafa undan stöðugleika í Sambandinu. Vísað er til slíkra aðstæðna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1359(2), þar sem vísað er til viðeigandi viðmiða fyrir skráningu aðila og rekstrareininga sem skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi. Með þessari millivísun er miðað að því að tryggja samræmi í ljósi þróunar og áhrifa viðfangsefnisins og aðferða viðkomandi aðila í þriðju ríkjum eða óvinveittra gerenda í þriðja ríki.

4) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til sanngjarnra réttarhalda, rétturinn til varnar og rétturinn til verndar persónuupplýsingum. Beita ætti þessari reglugerð í samræmi við þessi réttindi.

5) Rétt þykir að skýra að ekki er hægt að skírskota til varnar gegn bótaábyrgð sem veitt er rekstraraðilum í Sambandinu, ef þeir vita ekki og hafa enga réttmæta ástæðu til að ætla að aðgerðir þeirra brjóti í bága við þvingunaraðgerðir Sambandsins, ef rekstraraðilar í Sambandinu hafa ekki framkvæmt viðeigandi áreiðanleikakönnun. Rétt þykir að taka tilhlýðilegt tillit til fyrirliggjandi upplýsinga sem eru aðgengilegar almenningi eða tiltækar við framkvæmd slíkrar áreiðanleikakönnunar. Rekstraraðili í Sambandinu getur því t.d. ekki beitt fyrir sig slíkri vernd þegar hann er sakaður um brot gegn viðeigandi þvingunaraðgerðum þar sem hann hefur ekki framkvæmt einfaldar athuganir eða skoðanir.

6) Verklag við breytingar á skránni sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð þessa ætti að fela í sér að tilkynna tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum forsendurnar fyrir skráningu þeirra til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir.

7) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að tryggja sem mesta réttarvissu innan Sambandsins ætti að birta nöfn og aðrar viðeigandi upplýsingar um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem til stendur að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá í samræmi við þessa reglugerð. Hvers konar vinnsla persónuupplýsinga ætti að vera í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679(3) og (ESB) 2018/1725(4).

8) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að miðla upplýsingum hvert til annars um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð og um hvers kyns aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir í tengslum við þessa reglugerð.

9) Aðildarríkin ættu að setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar. Þessi viðurlög ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „krafa“: hvers kyns krafa, hvort sem henni er haldið fram í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi og er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og einkum:
- krafa um efndir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,
 - krafa um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysisbóta í hvaða mynd sem er,
 - bótakrafa í tengslum við samning eða viðskipti,
 - gagnkrafa,
 - krafa um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með ræðisviðurkenningu (exequatur), dómi, úrskurði gerðardóms eða jafngildri ákvörðun, óháð því hvar hann eða hún eru kveðin upp eða tekin,
- b) „samningur eða viðskipti“: hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um er að ræða einn samning eða fleiri eða ámóta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhags-leg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,
- c) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem eru á skrá í II. viðauka,
- d) „efnahagslegur auður“: eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir, en unnt er að nota til að afla sér fjármuna, vara eða þjónustu,
- e) „frysting efnahagslegs auðs“: að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vara eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
- f) „frysting fjármuna“: að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,
- g) „fjármunir“: hvers konar fjáreignir og ágóði, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:
- reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
 - inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
 - verðbréf og skuldaskjöl, sem viðskipti eru með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óveðtryggð skuldabréf og afleiðusamningar,
 - vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
 - lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,
 - bankaábyrgðir, farmbréf, sölureikningar,
 - skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,
- h) „yfírráðasvæði Sambandsins“: þau yfírráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn um Evrópusambandið gildir um, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í honum, þ.m.t. loftþrymi þeirra.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyrir, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrar-einingum eða stofnunum sem eru á skrá í I. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.
3. Í I. viðauka skal tilgreina einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem:
 - a) bera ábyrgð á, framkvæma, styðja við eða njóta ábata af aðgerðum eða stefnum stjórnvalda Rússneska ríkjasambandsins sem grafa undan eða ógna lýðræði, réttarríkinu, stöðugleika eða öryggi í Sambandinu eða í einu eða fleiri aðildarríkjum þess, í alþjóðastofnun eða í þriðja landi, eða sem grafa undan eða ógna fullveldi eða sjálfstæði eins eða fleiri aðildarríkja þess eða þriðja lands með einhverri af eftirfarandi aðgerðum:
 - i. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, eða greiða á annan hátt fyrir því að hindra eða grafa undan pólitísku lýðræðisferli, þ.m.t. með því að hindra eða grafa undan því að hægt verði að halda kosningar eða reyna að grafa undan stöðugleika eða kollvarpa stjórnskipulegri reglu,
 - ii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir ofbeldisfullum mótmælum,
 - iii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir ofbeldisverkum, þ.m.t. starfsemi til að þagga niður, kúga, þvinga eða beita nákvæmum refsiaðgerðum gegn aðilum sem gagnrýna aðgerðir eða stefnur Rússneska sambandsríkisins,
 - iv. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir notkun samræmdrar íhlutunar og hagræðingar upplýsinga,
 - v. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir aðgerðum sem beint er að starfi lýðræðisstofnana, atvinnustarfsemi eða þjónustu í þágu almanna-hagsmuna, þ.m.t. með óheimilli komu á yfirráðasvæði aðildarríkis, þ.m.t. loftrými þess, eða sem miðar að því að trufla, skaða eða eyðileggja, þ.m.t. með skemmdarverkum eða netaðgerðum af illum ásetningi sem hluta af fjölþáttaaðgerðum, mikilvæga innviði þ.m.t. neðansjávargrunnvirki,
 - vi. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1359,
 - vii. með því að færa sér í nyt vopnuð átök, óstöðugleika eða óöryggi, m.a. með ólögmætri nýtingu eða viðskiptum með náttúruauðlindir og villtar lífverur í þriðja landi,
 - viii. með því að hvetja til eða greiða fyrir vopnuðum átökum í þriðja landi,
 - b) tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem sem eru á skrá skv. a-lið,
 - c) styðja einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem taka þátt í athöfnum sem um getur í a-lið.

3. gr.

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi fjármunir eða efnahagslegur auður sé:

a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í I. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustu-gjalda,

Nr. 1439 20. nóvember 2024

b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,

c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknanir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs,

d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. 2 vikum áður en heimildin er veitt,

e) til þess að greiða inn á eða út af reikningi sendi- eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem slíkar greiðslur eru ætlaðar til nota í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendi- eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar,

f) nauðsynlegur vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfs-landa í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti eða

g) nauðsynlegur vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu og vegna veitingar tengdrar aðstöðu og þjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis slíkrar rafrænnar fjarskiptaþjónustu.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan 2 vikna frá því að hún er veitt.

4. gr.

1. Ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

- a) Sameinuðu þjóðanna (SP), þ.m.t. áætlana þeirra, sjóða og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
- b) alþjóðastofnana,
- c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi SP og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
- d) fjálsra félagsamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum SP um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum SP vegna flóttafólks, öðrum áköllum SP eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða SP í mannúðarmálum samhæfir,
- e) samtaka og fagstofnana, sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum (e. Humanitarian Partnership Certificate) eða sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki í samræmi við landsbundna málsmeðferð,
- f) sérstofnana aðildarríkjana eða
- g) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til f-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum.

2. Undanþágan sem sett er fram í 1. mgr. gildir ekki um einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem auðkennd eru með stjörnu í I. viðauka.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að tryggja megi tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks.

4. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá við-komandi lögbæru stjórnvaldi innan 5 virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 1. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá því að slík heimild er veitt.

5. gr.

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 2. gr., var færð á skrá í I. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Sambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,
- b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem slík ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt slíkri ákvörðun, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,
- c) að ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka og
- d) að viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

6. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. og að því tilskildu að greiðsla einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun gerði, eða samkvæmt skuldbindingu sem viðkomandi bar að sinna fyrir þann dag er einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin hafði verið skráð í I. viðauka, geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi komist að raun um:

a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka og

b) að greiðslan sé ekki brot á 2. mgr. 2. gr.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

7. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir, sem taka við fjármunum sem þriðju aðilar yfirfæra inn á reikninga einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá, færi þá til tekna á frystum reikningum, að því tilskildu að það viðbótarfé sem þannig er fært á slíka reikninga sé einnig fryst. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbæru stjórnvaldi um slík viðskipti án tafar.

2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gildir ekki um eftirtaldir viðbætur við frysta reikninga:

a) vexti eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum,

b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 2. gr., var færður á skrá í I. viðauka eða

c) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt ákvörðunum dómsvalds, stjórnvalds eða gerðardóms sem teknar eru í aðildarríki eða eru aðfararhæfar í viðkomandi aðildarríki, að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu frystar í samræmi við 1. mgr. 2. gr.

8. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu:

a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingum um reikninga og fjárhæðir sem eru fryst skv. 1. mgr. 2. gr., til viðkomandi lögbærs stjórnvalds í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettir, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar milliliðalaust eða fyrir atbeina aðildarríkisins og

b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þær upplýsingar sem um getur í a-lið.

Nr. 1439 20. nóvember 2024

2. Ákvæði 1. mgr. skal gilda með fyrirvara um innlendar eða aðrar viðeigandi reglur að því er varðar leynd upplýsinga í vörslu dómsyfirvalda og í samræmi við þá virðingu fyrir trúnaði sem ríkir í samskiptum milli lögmanna og skjólstaðinga þeirra og tryggð er í 7. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í því skyni fela slík samskipti í sér þau samskipti sem varða lögfræðiráðgjöf sem veitt er af öðrum sérfræðingum með málflutningsleyfi samkvæmt landslögum til að flytja mál fyrir skjólstaðinga sína fyrir dómstólum, að svo miklu leyti sem slík lögfræðiráðgjöf er veitt í tengslum við yfirstandandi eða væntanlega dómsmeðferð.

3. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.

4. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

5. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfírvöld, tollayfírvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013(5), lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013(6), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849(7) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB(8), auk stjórnenda opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, ásamt lausafé og fasteignum, eru skráð, skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum og, ef nauðsyn krefur, upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar við önnur lögbær stjórnvöld aðildarríkis þeirra, annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni vinnsluyfirvaldsins eða viðtökuyfirvaldsins samkvæmt þessari reglugerð, einkum þegar þau verða vör við brot eða sniðgöngu, eða tilraunir til brota eða sniðgöngu, á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

9. gr.

1. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að aðgerðirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð verði sniðgengnar, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að leitast vísvitandi við að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.
2. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í I. viðauka, skulu:
 - a) gefa skýrslu, innan 6 vikna frá dagsetningu færslu þeirra á skrá í I. viðauka, um fjármuni eða efnahags-legan auð í lögsögu aðildarríkis, sem tilheyrir þeim, er í eigu, vörslu eða undir stjórn þeirra, til lögbærs stjórnvalds aðildarríkisins þar sem fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn eru staðsett og
 - b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þessar upplýsingar.
3. Vanræksla á því að fara að 2. mgr. þessarar greinar skal teljast þátttaka, eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þær aðgerðir, er um getur í 2. gr., séu sniðgengnar.
4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina innan tveggja vikna um upplýsingarnar sem eru móttæknar skv. a-lið 2. mgr.
5. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.
6. Hvers konar vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við þessa reglugerð, reglugerð (ESB) 2016/679 og reglugerð (ESB) 2018/1725 og einungis að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar þessarar reglugerðar.

10. gr.

1. Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur, eða ef synjað er um aðgang að fjármunum eða efnahags-legum auði, í góðri trú, á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við reglugerð þessa, bera þeir einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar eða stofnanir, sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar eða hlutaðeigandi stjórnendur eða starfsmenn, ekki ábyrgð af neinu tagi nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.
2. Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapar þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn sem sett eru í þessari reglugerð.

11. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum Nr. 1439 20. nóvember 2024 framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:
 - a) einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í I. viðauka,
 - b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.
2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.
3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

12. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu upplýsa hvert annað um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta og þau búa yfir, í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar er varða:
 - a) frysta fjármuni skv. 2. gr. og heimildir sem veittar eru samkvæmt undanþágunum sem eru settar fram í þessari reglugerð,
 - b) brot á ákvæðum og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.
2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

13. gr.

1. Ákveði ráðið að þær aðgerðir er um getur í 2. gr. skuli varða einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, skal það gera viðeigandi breytingar á I. viðauka.
2. Ráðið skal tilkynna ákvörðun skv. 1. mgr., m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á skrá, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem í hlut á, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt og er slík tilkynning getur farið fram, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.
3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða viðkomandi ákvörðun og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.
4. Endurskoða skal skrána í I. viðauka með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.
5. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

14. gr.

1. Í I. viðauka skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir eru færð á skrá.
2. Í I. viðauka skulu vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra og tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að gera ágóða af slíkum brotum upptækan.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær reglur, sem um getur í 1. mgr., strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

16. gr.

1. Ráðið, framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) mega vinna persónuupplýsingar til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð. Verkefnin eru:
 - a) að því er varðar ráðið, að undirbúa og gera breytingar á I. viðauka,
 - b) að því er varðar æðsta fulltrúann, að undirbúa breytingar á I. viðauka,
 - c) að því er varðar framkvæmdastjórnina:
 - i. að bæta efni I. viðauka við rafrænu samsteyptu skrána yfir einstaklinga og lögaðila, hópa og rekstrareiningar sem sæta fjárhagslegum refsiaðgerðum Sambandsins og á gagnvirka kortið yfir refsiaðgerðir, sem bæði eru aðgengileg almenningi,
 - ii. að vinna upplýsingar um áhrif ráðstafana þessarar reglugerðar, s.s. um verðmæti frystra fjármuna og upplýsingar um heimildir sem lögbær stjórnvöld hafa veitt.
2. Ráðið, framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúinn skulu, eftir atvikum, vinna viðeigandi upplýsingar sem varða refsiverð brot sem framin eru af einstaklingum sem eru á skrá, sakfellingar slíkra einstaklinga í refsimálum eða öryggisráðstafanir sem varða þá, aðeins að því marki sem slík vinnsla er nauðsynleg vegna undirbúnings I. viðauka.
3. Að því er varðar þessa reglugerð eru ráðið, framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúinn tilgreind sem „ábyrgðar-aðili“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, til að tryggja að viðkomandi einstaklingar geti neytt réttar síns samkvæmt þeirri reglugerð.

17. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum sem eru á skrá í II. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers kyns breytingar á vefföngum vefsetra sinna sem eru á skrá í II. viðauka.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.
3. Sé gerð krafa, samkvæmt þessari reglugerð, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þær sem gefnar eru upp í II. viðauka.

18. gr.

Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, eru eingöngu ætlaðar framkvæmdastjórninni til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

19. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, þ.m.t. í loftfrymi þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern einstakling innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.

20. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 8. október 2024.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.

VARGA M.

(1) Stjtið. ESB L, 2024/2643, 9.10.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/2643/oj>.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1359 frá 14. maí 2024 um að taka á krísuástandi og óviðráðanlegum atvikum í málefnum sem varða innflytjendur og hæli og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1147 (Stjtið. ESB L, 2024/1359, 22.5.2024, ELI <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1359/oj>).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndar-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

(8) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

VIÐAUKI

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2642/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.